

## Vika 11 - vorönn

### Lota 6 - ÁRÆÐNI

Orðræða: Hreysti, kjarkur og kraftur, gengur betur næst og æfinginn skapar meistarann

Lotulykill 1: kjarkur

Orðaforðalisti: Andstæður

Lubbi: ð

Lotumynd: Sjálfsmynd

Strik fyrir strik: Gróður bls. 62-64

Litla Sól: **Unnið með bókstafi og þykjustuskrift** bls. 95-97

Sól: **Unnið með bókstafi** bls. 141-153

Söngvar: Upp, upp, upp á fjall,



(Lóan er komin)

Vitið þið það hvernig lúðunni líður?

Lúðunni góðu sem þið hafið séð.

Meðan hún niðri á botninum bíður,  
böðuð í vaðandi ð-ð-ð-ð-ð.

Lúðan í stuðið er boðin og búin,

biður um eitthvað að dúða sig með.

Niður á púðann svo liðast hún lúin,

loðmælt og suðandi ð-ð-ð-ð-ð.

### Kennslutilhögun og dagskipulag

**Setja orð á athafnir:** Segja núna ætla ég að standa upp, setjast niður, sjáðu hvað ég er stór en þú lítil!

**Samvera:** Ræða andstæður úr orðaforalistanum, hvaða dýr eru stór en lítil?

**Við matarborðið:** Ræða hvernig maturinn er, er kexið mjúkt eða hart, stórt eða lítið

**Í fataherbergi:** Ætlaðu að hlaupa upp á hólinn og svo niður. Hvernig er veðrið er bjart eða dimmt, blautt eða þurrt

**Í hópatímum:** Hægt að vera með þrautabraut inni og úti, fara undir og yfir stólana, bekkinn. Vettvangsferðir

### Orðaforðalisti MMS: Andstæður

**Yngsti hópur:** upp/niður, undir/yfir, úti/inni, stór/lítill, lítið/mikið, harður/mjúkur, kalt/heitt, svangur/saddur,

**Mið hópur:** hár/lágur, stærri en/ minni en, stutt/löng, þykkur/þunnur, þungt/létt, fáir/margir, enginn/allir, aldrei/alltaf, björt/dimm, blautur/þurr, full/tóm, gömul/ung, þæg/óþæg, kurteis/ókurteis, glaður/leiður, veik/hraust, hrædd/óhrædd, dugleg/löt, fallegur/ljótur, góð/vond, feitt/mjótt, skemmtilegur/leiðinlegur, fljót/sein, hratt/ hægt, fyrst/síðust, fremstur/aftastur, efst/neðst, fyrir framan/ fyrir aftan, sterkur/linur, hætta/byrja, muna/gleyma

**Elsti hópur:** ljós/dökkur, birta/myrkur, líkt/ólíkt, elstur/yngstur, eldri/yngrri, fljóta/sökkva, beygja/rétta, grunn/djúp, ánægður/óánægður, hamingjusöm/óhamingjusöm, heppinn/óheppinn, hreint/ óhreint, sekur/saklaus, hlýðin/óhlýðin, alveg eins/allt öðruvísi, auðvelt/erfitt, hægri/vinstri

### Þjálfun hljóðkerfisvitundar

**Yngsti hópur:** Klappa atkvæði orða og ríma

**Mið hópur:** Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

**Elsti hópur:** Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging